


Borgarhöfn - Neðribær

Deiliskipulagsbreyting



ADALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2012-2030



DEILISKIPULAGSUPPDRAÐTUR 1:2000

GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Borgarhöfn Neðribær* í Hornarfirði sem tók gildi í B-deild Stjórnartíðinda þann 10.06.2022. Gerð er breyting á uppdraetti og greinargerð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123 /2010. Með breyttu skipulagi er nýjum byggingarreit bætt við fyrir þjónustuhús og byggingarreitur fyrir smáhýsi er færður til og skilmálum breytt. Tjaldsvæði er felld út af skipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hornafjarðar þar sem svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir allt að 75 gistirýmum.

GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU

3.5 Byggingar

Byggingarreitur B - Heimilt er að reisa allt að 3 smáhýsi á byggingarreitnum. Smáhýsin eru ætluð til útleigu gistirýma. Hámarks byggingarmagn á reitnum er 100 m².

GREINARGERÐ EFTIR BREYTINGU

Felldur er út kafli 3.2 Tjaldsvæði.

3.5 Byggingar

Byggingarreitur B - Heimilt er að reisa allt að 10 smáhýsi á byggingarreitnum. Smáhýsin eru ætluð til útleigu gistirýma. Hvert smáhýsi getur verið allt að 45 m² að stærð með allt að 4 gistirúmum í hverju húsi.

Á reitnum er einnig heimilt að reisa fjögura íbúða raðhús til fastrar búsetu eða til útleigu gistirúma. Hver íbúð getur verið allt að 60 m² með allt að 6 gistirúmum í hverri íbúð. Hámarkshæð bygginga geta verið allt að 5 m.

Byggingarreitur D - Heimilt er að reisa byggingu sem hægt verður að nýta sem geymsluhúsnæði og sem vinnsluhús fyrir skógræktina þar sem einnig verður salerni og starfsmannaaðstaða. Stærð byggingar getur verið allt að 350 m² og hámarkshæð húss allt að 6 m.



DEILISKIPULAGSUPPDRAÐTUR 1:2000

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum í gildandi skipulagi. Breytingin kemur til með að hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem möguleiki er að störfum muni fjölga í sveitarfélaginu og auka við þjónustu við ferðamenn með fjölgun gistirýma en eftirspurn hefur aukist undanfarin ár.

BREYTING Á UPPDRAETTI

Byggingarreitur B færast norðar á svæðið og afmörkun breytist.

Nýjum byggingarreit D er komið fyrir á svæðinu.

Svæði fyrir tjaldsvæði er felld út af uppdraetti.

Að undanskildum þeim breytingum sem fjallað er um hér gilda ákvæði í gildandi skipulagi.

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Lóðarmörk
- Byggingareitir húsa
- Tjaldsvæði
- Núverandi byggingar
- Fornleifar og helgunarsvæði
- Veghelgunarsvæði
- Skógræktarsvæði
- Leiksvæði
- Stígar
- Jarðarmörk
- Jarðarmörk - óstaðfest
- Hreinsivirki, leiðbeinandi staðsetning
- Vegir og aðkoma
- Jarðstrengur



Borgarhöfn Neðribær
Hornafjörður
Deiliskipulagsbreyting

SKJALALYKILL:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
112383	A2	MMR	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	22.04.2025	---	

SAMPYKKT:

TILLAGA